

Eystrahorn

42. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 1. desember 2022

www.eystrahorn.is

Listamaður vikunnar - Höskuldur Björnsson

„Það var aldrei spurning um annað en að við þyrftum að sýna Höskuldur samhlíða Tilraun Æðarrækt,“ segir Snæbjörn Brynjarsson, safnvörður við Svavarssafn. „Höskuldur er merkasti fuglateiknari í íslenskri listasögu, frægðarsól hans reis ekki hátt, enda hlédrægur maður, en það segir sitt að enn þann dag í dag á hann fjölmarga, einlæga aðdáendur.“

Tilraun Æðarrækt sem var opnuð í september er samsýning með tutugu og sex hönnuðum og listamönnum, og er verkefni sem staðið hefur yfir frá 2019, en þá tengdu Hildur Steinþórsdóttir og Rúna Thors æðarræktendur saman með listamönnum. Niðurstaðan eru ýmis ólík verk sem innblásin eru af þessu nána sambyli manna og fugla.

Æðarfuglinn og æðarbændur eiga einstakt samband, byggt á vináttu og gagnkvæmu trausti, en það má segja að Höskuldur hafi nálgast fugla á svipaðan hátt og æðarbóndinn, sem vinur. Höskuldur fæddist í Dilksnesi við Hornafjörð 26. júlí 1907 en hélt til Reykjavíkur rétt fyrir tvítugt og fór þar á sína fyrstu málverkasýningu. sem var til

minningar um Mugg. Á næstu árum eftir það lærði hann hjá Ríkharði Jónssyni og Jóni Stefánssyni og fór fljótt að sýna. Hann hugðist halda til Kaupmannahafnar ásamt æskuvini sínum, Svavar Guðnasyni, og leggja stund á listnám eins og hann, en fékk berkla skömmu áður en komið var að brottför. Því miður náði hann aldrei fullri heilsu, og ekkert varð af listnámi, en Höskuldur bjó á Höfn í Hornafirði og síðar Hveragerði. Hann giftist Hallfríði Pálsdóttur og þau eignuðust tvö börn, Halldór og Ingveldi, og hann gat sér gott orð sem næmur landslags- og fuglamálarari. Oftar en ekki sótti hann yrkisefni sín á heimaslóðir í Hornafirði.

„Svavarssafn á margar fallegar myndir eftir Höskuldur, sem hafa verið gefnar af velgjörðarfólki. En þessi hérna er með skemmtilega sögu,“ segir Snæbjörn og bendir á eina af æðarkollu og æðarblika sem hangir inni í Ástustofu. Búið var að velja fjögur flott verk til að setja upp í ráðhúsinu af æðarfuglum þegar Margrét Torfadóttir hafði samband við safnið og spurði hvort áhugi væri á að eignast verk eftir



Höskuldur Björnsson. Hún hafði keypt verkið á nytjamarcaði en fengið staðfest hjá Gallerí Fold að um væri að ræða pappírsværk eftir listmálarann. Við að sjálfsgötu sögðum samstundis já, en svo kom það í ljós að verkið sýndi æðarfugla á sundi og kom til okkar á sjálfum opunardegis sýningarinnar.

„Mig grunar að parið hafi sennilega

viljað fá að vera með á sýningunni og þess vegna ákveðið að láta uppgötva sig. En ég kann Margréti miklar þakkir fyrir gjöfina,“ segir Snæbjörn.

Hægt er að virða fyrir sér þessi verk og önnur eftir Höskuldur í ráðhúsinu fram í janúar.

Hel, heim og eitthvað fallegt

Fimmtudagskvöldið 24. janúar lásu fimm rithöfundar upp úr verkum sínum í Nýheimum, þau Emil Hjörvar Petersen, Arnþór Gunnarsson, Edda Falak, Arndís Þórarinsdóttir og Elisabet Jökulsdóttir. Sú síðastnefnda var einnig með gjörning í Svavarssafni klukkan fjögur þann dag. Um var að ræða örfyrirlestur um eitthvað fallegt, þar sem skáldkonan opinberaði sig á óvæntan hátt, umkringd áhorfendum og steinum sem barnabörn hennar höfðu tínt. Safnvörður var henni til halds og trausts, hélt á kjól og kaffibolla, en hann var einnig með upphitunaratriði þar sem ferðast var aftur í tímann.

Í gömlu sundlauginni á laugardaginn var einnig flutningur á óhefðbundnu verki, Hel og heim aftur, en það var samstarf Leikfélags Hornafjarðar með Elísabetu Skagfjörð og Aron Martin Ásgerðarsyni. Um var að ræða nokkurs konar ferðalag um undirheima með hljóðmynd



Raðað úr bónuspoka, Elisabet Jökulsdóttir

og lýsingu, en meðal flytjenda voru Selma Ýr Ívarsdóttir, en hún leiddi gestina til heljar og



Selma Ýr í hlutverki sínu í Hel og heim aftur

aftur upp listivel. Voru báðir gjörningar vel sóttir.

Útgáfa Eystrahorns - breytingar

Vegna breyttra aðstæðna get ég, sem útgefandi Eystrahorns, ekki haldið áfram með útgáfu þess frá og með 1. janúar 2023. Ég hef staðið að útgáfunni í rúm fimm ár og er nú tími til að aðrir taki við keflinu. Þeir sem eru áhugasamir vinsamlegast hafið samband við mig með tölvupósti á netfangið tjorvi@eystrahorn.is eða í síma 848-3933

Bestu kveðjur
Tjörvi Óskarsson, ritstjóri Eystrahorns



Andlát

Ástkær móðir okkar

Signý Guðmundsdóttir

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði þann 24. nóvember.

Útförin verður frá Hafnarkirkju laugardaginn 3. desember kl. 11:00.

Þeir sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Skjólgarðs. Streymt verður frá athöfninni á heimasíðu Bjarnarnessprestakalls, www.bjarnanesprestakall.is

Þóra Ingibjörg Hlöðversdóttir Ingvi Þór Sigurðsson

Guðmundur Hlöðversson

Sigurður Hlöðversson

börn, barnabörn og barnabarnabarn.



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA OPIÐ HÚS.



Í tilefni af 40 ára afmæli Félags eldri Hornfirðinga verður opið hús í Ekru

laugardaginn 3. desember kl. 14:00-17:00.

Allir hjartanlega velkomnir að skoða aðstöðu okkar og þiggja veitingar.

JÓLATÓNLEIKAR KVENNAKÓRS HORNAFJARÐAR

Hafnarkirkju miðvikudaginn 7. desember kl. 20.00
Miðaverð kr. 2.500 ókeypis fyrir börn yngri en 12 ára
Léttar veitingar



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUFÉLAGIÐ HORNAFJARÐAR
Sveitarfélagið Hornafjarðar
www.hornafjordur.is

Störf á Móttökustöð á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir tveimur einstaklingum í fullt starf við flokkun á endurvinnsluefnum og móttöku úrgangs. Viðkomandi þurfa að geta hafði störf fljótlega.

Verkamenn við sorpmóttöku sinna þeim verkefnum sem koma að flokkun á endurvinnsluefnum, s.s. pappa og plasti, og undirbúningi þeirra til flutnings ásamt móttöku á úrgangi til urðunar. Áhersla er lögð á að auka endurnýtingu og draga úr úrgangi til urðunar.

Verkamenn leiðbeina þeim sem koma með úrgang á móttökusvæðið og er áhersla lögð á ríka þjónustulund. Ýmis önnur tilfallandi verkefni fylgja störfunum en þau fara eftir aðstæðum og álagi hverju sinni.

Vinnuvélaréttindi (lyftarapróf) er kostur.

Starfið hentar öllum kynjum en æskilegur aldur er 20 ára eða eldri.

Hæfniskröfur:

- Vinnuvélaréttindi (lítill) æskileg.
- Íslensku- og/eða enskukunnátta.
- Framúrskarandi þjónustuvilji og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvæðni, samskiptahæfni og heilsuhreysti.

Laun eru greidd samkvæmt samningum Launafélag Sambands íslenskra sveitarfélaga við FOSS BSRB eða Afl Starfsgreinafélag.

Umsóknarfrestur er til og með 9. desember næstkomandi.

Skriflegar umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu berast á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is og stefan@hornafjordur.is en nánari upplýsingar um störfín veitir Stefán Aspar Stefánsson, verkefnastjóri umhverfismála, í gegnum sama netfang eða í síma 470-8007.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Takið vel á móti börnunum í sölu á Jólalífi SÁÁ

Lúðrasveit
Tónskóla A-Skaft.




SÁÁ

TVÆR GÓÐAR!



Hrafinn

Einstakar sögur af heimsins gáfaðasta dýri, hrafninum, og margt fleira sem honum tengist.



Félag unga fólksins

Það lætur enginn Hornfirðingur þessa bók fram hjá sér fara.

Bækurnar fást hjá Berg-spor!

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Sveitarfélagið Hornafjörður - Heilsueflandi samfélag

Á íbúafundi í Nýheimum föstudaginn 25. nóv. fór bæjarstjóri yfir stöðu bæjarstöðs og áherslur bæjarstjórnar um framkvæmdir næsta árs. Í þessari yfirferð kynnti hann m.a. metnaðarfulla áætlun bæjarstjórnar um fjölbreytta uppbyggingu á innviðum innan Hafnar. Áætlunin hvetur til útivistar íbúa ekki síst fjölskyldna og gaman væri að fá hana birta hér á þessum vettvangi.

Það vita allir hve mikilvægt er að ástunda reglulega og markvissra líkamsrækt fyrir alhliða heilsu fólks. Íþróttaiðkun á vegum íþróttafélaga fær árleg framlög til að reka starfsemi sína og sveitarfélagið hefur einnig stutt myndarlega við bakið á þeim með uppbyggingu íþróttamannvirkja, rekstri þeirra og viðbótarstyrkjum til ýmissa verkefna og framkvæmda. Íþróttaiðkun eins og annað tekur breytingum og nú er svo komið að kallað er eftir yfirgripsmikilli uppbyggingu íþróttamannvirkja til þess að koma til móts við breyttar þarfir.

Vinna starfshópa síðastliðin ár

Ég ætla í þessari grein að fjalla um framtíðaruppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja á svo kölluðu miðsvæði á Höfn. Síðustu tvö kjörtímabil var unnin þarfagreining þar sem þarfinnar voru listaðar upp. Í framhaldinu vann verkfræðistofan Alta skipulagsforsögn í samræmi við greininguna. Í fundargerð sem stýrihópur um skóla- og íþróttamál skilaði til fræðslu- og tómsundanafndar og bæjarstjórn samþykkti 2019 lagði hópurinn til eftirfarandi:

1. Að taka frá svæði 2 og hluta af svæði 3 ásamt skíka af bílastæði austan við Heppuskóla. Þessum valkostum er lýst í skipulagsforsögn Alta í kafla 3 um skipulagsáherslur, valkosti á bls. 16. Lagt er til að á þessu svæði verði byggt upp fyrir hópíþróttir, fimleika og fleiri greinar í framtíðinni.

Síðan eru gerð grein fyrir möguleikum í stöðunni og greindir kostir og gallar við þá.

2. Að byggt verði við sundlaug í vestur fyrir almenna líkamsrækt. Inngangur verði sameiginlegur fyrir sundlaug og líkamsrækt og búningaöstaða sundlaugar verði nýtt fyrir báðar einingarnar. Starfsmannaöstaða fyrir starfsmenn þessarar einingar íþróttamiðstöðvar verði hönnuð í þeim hluta byggingarinnar sem hýsir inngang og anddyri sundlaugarinnar í dag.

Síðar ... Í forgangsröðun um uppbyggingu varð niðurstaðan ...

- a. Að byggður verði stór fjölnota íþróttasalur með búningaöstöðu, sturtum og salernum.

- b. Viðbygging undir líkamsrækt vestan megin við Sundlaug.

Það sem gerðist hins vegar í framhaldinu og ekki hefur komið fram í umræðunni er:

- a. að samþykkt var tillaga um að í framtíðinni yrði grunnskólinn færður í eitt hús með viðbyggingu við Heppuskóla. Í því samhengi var rætt um mögulega nýtingu núverandi íþróttahúss, að hugsa yrði fyrir framkvæmdum á heildstæðan hátt með skólabyggingar og íþróttamannvirkjin inni í þeirri mynd.
- b. að þegar farið var að kostnaðargreina þær framkvæmdir sem fara þarf í til að fullnægja fram komnum þörfum íþróttagreina og lýðheilsu myndi sveitarfélagið þurfa að nýta nánast allt sitt framkvæmdafé næstu ára ef ráðist yrði í að byggja stórt fjölnota íþróttahús á einu bretti.

Með þetta að leiðarljósi þótti skynsamlegt að skoða það að hluta framkvæmdina niður í viðráðanlegar einingar og dreifa henni á næstu ár og áratugi jafnvel. Í þessum þælingum þróaðist umræðan utan um spurninguna hvaða íþróttframkvæmd myndi fanga fjölbreyttustu þarfinnar. Niðurstaðan þá varð; Almenn líkamsræktarstöð, þar stunda íbúar frá 15 ára til 80+, alhliða líkamsrækt, á eigin vegum, með einkaþjálfara og í hóptímum undir leiðsögn fagmanna. Í íþróttahúsum stunda fyrst og fremst íþróttahópar æfingar í sínum greinum. Í stuttu máli, þá var ákveðið að taka frá landsvæði fyrir byggingu íþróttahúss en einhenda sér í að byggja líkamsræktarstöð við sundlaugina. Það myndu sparast háar fjárhæðir með því að samnýta búningaklefa og blautsvæði sundlaugarinnar auk þess sem það myndi skapa fjölskylduvæna umgjörð fyrir hreyfingu foreldra og barna að tengja þetta saman.

Með þessari framkvæmd væri búið að svara þörfum um aðstöðu til eflingar lýðheilsu almennings til næstu 40 – 50 ára. Síðan færi fókusinn á byggingu fjölnota íþróttahúss í viðráðanlegum einingum samkvæmt forgangsröðun íþróttahreyfingarinnar og skólanna; leik- grunn- og framhaldsskóla.

Líkamsrækt á hrakhólum

Aðstaða til almennrar líkamsræktar í sveitarfélaginu hefur verið hornreka frá upphafi. Eina undantekningin er þegar ofurhuginn og frumkvöðullinn Guðrún Ingólfsdóttir keypti húsnæði undir rekstur líkamsræktar 1988. Sá rekstur varð þó ekki langvinnur vegna þess að íbúar sveitarfélagsins voru og eru allt of fáir til að standa undir slíkum rekstri.

En er líkamsræktin ekki í ágætis leiguhúsnæði? Almennri líkamsrækt í dag er skipt í tvo

staði; 1) í Sporthöllina sem rekin er í aflagðri bensínsjoppu sem byggð var árið 1976. Það húsnæði er úr sér gengið, engin loftræsting og gólfín ísköld sem er t.d. andstyggilegt í jóga 2) CrossFit sem er vaxandi grein líkamsræktar, er stunduð í kaffistofu á annarri hæð í aflögðu fiskvinnsluhúsi í eigu Skinneyjar-Þingness þar sem ekki er hægt að fara í sturtu. Það er aldrei neinn í Sporthöllinni er fullyrðing sem ég heyri stundum. Samkvæmt upplýsingum frá Kolbrúnu Björnsdóttur eru rúmlega 200 manns með árskort í Sporthöllinni, þar af er stór hópur eldri borgara, ásamt fleiri hópum og einstaklingum auk þess sem slökkviliðsmenn og lögreglumenn halda sér þar í formi. CrossFit státar af tæplega 60 iökendum í reglubundnum æfingum og um 60 til viðbótar sem eru óreglulegir iökendur.

Í þeirri tveggja hæða byggingu sem hönnuð var við sundlaugina var gert ráð fyrir tækjasal, lyftingasal, og aðstöðu fyrir CrossFit með möguleika á að opna út og æfa í sundlaugargarðinum á góðum dögum. Tveir til þrjár salir voru teiknaðir á efri hæðinni fyrir hreyfipjálfun lítilla og stórra hópa ásamt rými fyrir nuddara, hnykkjara, sjúkrahjálfa eða aðrar fagstéttir sem veita heilsueflandi þjónustu.

Lokaorð

Á ofangreindum íbúafundi var farið yfir megnið af þessari sögu. Viðbrögð forsvarsmanna bæjarstjórnar báru vott um skilning á því að verkefnið væri yfirgripsmikið og flókið. Bæjarstjórinn Sigurjón Andrésson taldi að það þyrfti að koma að hlutunum aftur og það myndi meirihlutinn gera, því forsendur breyttust og það þurfi að endurskoða og endurmeta hlutina. Eyrún Friða Árnadóttir formaður bæjarráðs sagði bæjarstjórnina vinna í þágu allra bæjarbúa og að hún vildi ástunda samtal og samvinnu við íbúa og Gauti Árnason forseti bæjarstjórnar sagði að ekki væri búið að henda þeirri vinnu sem hefur verið lögð í líkamsræktarstöð. Ég vil þakka þeim fyrir þeirra viðbrögð og vona að almenningur fái tækifæri til þess að koma að fyrirhugaðri endurskoðun þessara mála.

Ragnhildur Jónsdóttir – áhugakona um mannsæmandi umgjörð almennrar líkamsræktar



Höfum opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús, Starleds led úti sérúr.

Úrval af rúmum og göflum.

Jólailmurinn kominn í hús.

Verið velkomin



Aðalskipulag og framtíðarsýnin

Vegna greinar Ara Jónssonar sem birtist í Eystrahorni þann 24. nóvember 2022.

Við viljum þakka Ara kærlega fyrir góða grein og góðar ábendingar.

Fundargerðir umhverfis- og skipulagsnefndar mega vera ítarlegri og við munum taka þær ábendingar til okkar og halda áfram þeirri vinnu að gera fundargerðir sveitarfélagsins skýrari.

Okkur varð það ljóst í kosningabaráttunni að núverandi aðalskipulag er orðið úrelt og ekki yrði ákjósanlegt að vinna áfram með það óbreytt næstu 4 árin. Aðalskipulag er stefnumótandi verkfæri sem lýsir þeirri framtíðarsýn sem íbúar sveitarfélagsins vilja sjá. Vinna við endurnýjun aðalskipulags er hafin og hefur Alta ráðgjafastofa, sem sérhæfir sig t.d. í skipulagi og byggðaþróun, verið ráðin til að leiða vinnuna með okkur. Með því er það von okkar að niðurstaðan verði fyrirmyndarskipulag sem við getum öll verið ánægð með og stolt af. Nú þegar hafa verið haldnir tveir vinnufundir þar sem sviðsstjórar, starfsmenn skipulagssviðs, vara- og aðalmenn í bæjarstjórn og nefndarfólk í umhverfis- og skipulagsnefnd komu saman. Fyrst og fremst var um kynningu og fræðslu að ræða frá Alta um hvernig vinna eigi aðalskipulag og hvað hafa þarf í huga við gerð þess. Í framhaldinu af þeim vinnufundum verður unnin skipulagslýsing þar sem m.a. verður ákveðið hvernig samráði við íbúa skuli háttað en samhljóða vilji þeirra sem á fundinn mættu var að samráð við íbúa skuli vera mikið og markvisst. Kex stendur fyrir því að efla samráð við íbúa og stendur í stefnuskrá okkar að við viljum efla aðkomu íbúa að skipulagsmálum og ákvarðanatöku. Vinna við nýtt aðalskipulag er kjörið tækifæri til þess að efna það loforð en við munum leita leiða til þess að efla samráðið enn frekar.

Hvað varðar íbúðabyggð á Höfn þá kom fram bæði hjá Kex og Sjálfstæðisflokknum í

kosningabaráttunni að við sjáum ÍB5 fyrir okkur sem framtíðar uppbyggingarsvæði fyrir íbúðarbyggð. Það er þó ekki þannig að við ætlum að hætta við áformaða uppbyggingu á ÍB2. Nú á haustdögum var gerð tilraunahola á svæði ÍB2 og var niðurstaðan að jarðvegur þar væri ekki tilbúinn og að einhver ár væru í það. Hægt er að fara í framkvæmdir til að flýta fyrir ferlinu með jarðvegsskiptum, en þær yrðu bæði kostnaðarsamar og fælu í sér mikið rask. Það er því mat nefndarinnar að betra sé að bíða með framkvæmdir á svæðinu um sinn. ÍB2 verður þó alltaf hluti af framtíðarsýn okkar um uppbyggingu íbúabyggðar næstu árin.

Hvað varðar Sílavík þá verður hún fyrirferðamikil þegar kemur að vinnu við nýtt aðalskipulag og hlökkum við til að fá íbúa með okkur í það samtal. Ljóst er að skiptar skoðanir eru á því hvað skuli gera, á að láta hana ósnerta eða fylla upp í fyrir íbúðabyggð? Ef byggt verður á ÍB5, ÍB2, Sílavík og á þróunarreit nýs miðbæjar á miðsvæði, hefur verið áætlað að um tvöföldun á núverandi íbúðabyggð verði að ræða. Sílavík er framtíðarsöngur sem langt er í að verði að veruleika, engu að síður er kominn tími til að við tökum ákvörðun um það hvernig málum þar verður háttað í aðalskipulagi og þarf að horfa til margra þátta í því sambandi. Sérstaklega þarf að horfa til umhverfisþátta, mikilvægi sjávarfitja og leira og þess fuglalífs sem þar þrífst nú.

Ein stærsta ákvörðunin sem liggur fyrir við vinnslu nýs aðalskipulags er lega þjóðvegur í þéttbýli. Samkvæmt núverandi áætlunum mun þjóðvegurinn liggja út frá Vesturbraut og þaðan meðfram leirunum og niður að höfn. Þá mun hann liggja enn á ný í gegnum íbúasvæði þegar ÍB5 reiturinn verður byggður. Það er vilji okkar að færa hann út fyrir skipulagssvæði ÍB5 og jafnvel upp fyrir Sílavík og tengjast þannig inn í iðnaðarsvæðið austan leirusvæðis. Með því færast þungaflutningar og



umferð sem liggur að áætlaðri uppbyggingu á ferðapjónustu í Óslandi frá íbúðabyggð. Það er einnig mikilvægt að við hönnun á nýjum íbúasvæðum, endurskipulagi og viðhaldi eldri svæða sé horft til þess að umhverfisvænum ferðamáta sé gert hærra undir höfði, og ýta þannig undir að bæjarbúar noti frekar aðra kosti en einkabílinn í ferðalögum sínum innanbæjar. Uppi hafa verið hugmyndir að skipuleggja núverandi tjaldsvæði sem íbúðabyggð og huga að nýju svæði fyrir það utan þéttbýlisins. Þessa umræðu höfum við tekið innan Kex framboðs, enda margt sem mælir með svæðinu sem íbúasvæði þar sem ekki þyrfti umfangsmikil jarðvegsskipti til að undirbúa það til byggðar. Hins vegar er einhugur innan framboðsins, og meirihlutasamstarfsins, að framtíðarstaðsetning tjaldsvæðis sé á núverandi stað. Á sumrin er mikið líf á tjaldsvæðinu sem bætir bæjarbraginn. Þá teljum við það þjóna notendum þess vel að vera í nálægð við þjónustu sem í boði er, sérstaklega þegar horft er til uppbyggingar sem áformuð er á miðsvæði sem mun einkennast af þjónustu, afþreyingu og menningu. Þessi nálægð gerir það að verkum að gestir tjaldsvæðis geta gengið um, notið okkar fallega þéttbýlis og alls þess sem það hefur uppá að bjóða, útsýnis, menningar,

matar og drykkjar, án þess að þurfa setjast upp í bíl, keyra á staðinn eftir að hafa komið sér fyrir á tjaldsvæði utan þéttbýlis og leggja bílnum svo innanbæjar áður en lengra er haldið.

Í þessu eins og öllu öðru er ekkert meitlað í stein og við bíðum spennt eftir að fá tækifæri til að boða til íbúafunda um vinnu aðalskipulags og skipulagsmál almennt. Ræða alla möguleika til þrautar og komast að niðurstöðu sem þjónar þéttbýlinu, dreifbýlinu og sveitarfélaginu öllu og enda að lokum með aðalskipulag sem við getum öll verið stolt af. Hér hefur aðeins verið stiklað á því helsta sem liggur fyrir innan bæjarmarka Hafnar, en að mörgu er líka að huga í dreifbýlinu sem er ekki síður spennandi verkefni sem við tökum kannski fyrir í annarri grein fljótlega.

Við viljum minna á að við tökum glöð á móti öllum hugmyndum og ábendingum, en hægt er að koma skilaboðum til okkar í gegnum vefsíðuna okkar www.xkex.is og á samfélagsmiðlum.

Greinina skrifuðu aðal- og varamenn Kex í umhverfis- og skipulagsnefnd,

*Skúli Ingibergur Þórarinnsson
Helga Árnadóttir
Elías Tjörvi Halldórsson
Guðrún Stefánía Vopnifjörð
Ingólfsdóttir*

JÓLAÞORP KIWANIS

Kiwanisklúbburinn Ós verður með árlega jólatréssölu ásamt lakkris og kertum frá kirkjunni.

Í ár höfum við fengið með okkur nokkra aðila til að stytta skammdegið með jólaandann að leiðarljósi.

Eins og undanfarin ár verðum við hjá bílplaninu við Nettó.

Tímasetning á opnun jólaþorps verður svohljóðandi:

Helgina 3. – 4. desember
verður opið frá 13:00 til 16:00

Helgina 10. – 11. desember
verður opið frá 13:00 til 16:00

Helgina 17. – 18. desember
verður opið frá 13:00 til 16:00

Svo verður opið frá 17:00 til 19:00 alla virka daga frá 19.-22. desember fram að Þorláksmessu en þá er opið 14:00 til 17:00.



Breytingar á rekstri flöskumóttöku á Höfn

Í sumar tók sveitarfélagið tímabundið yfir rekstri flöskumóttökunnar á Höfn í kjölfar yfirtöku á rekstri móttökustöðvar fyrir úrgang. Um tímabundna ráðstöfun var að ræða til að tryggja áframhaldandi rekstur flöskumóttökunnar í ljósi flutnings þáverandi rekstraraðila af svæðinu.



Í síðasta Eystrahorni auglýsti Endurvinnslan hf eftir einstaklingum, félagasamtökum eða fyrirtækjum sem hefðu áhuga á að gerast umboðsmenn fyrir flöskumóttöku á Höfn.

Samningar hafa náðst milli Endurvinnslunnar hf og Kjörfuknattleiksdeildar Sindra og mun deildin taka yfir rekstri flöskumóttökunnar frá og með 3. desember.

Til að byrja með verður flöskumóttakan áfram í gámaportinu en ný staðsetning verður auglýst síðar.

Nýr opnunartími flöskumóttökunnar verður laugardaga kl. 11:00 – 15:00.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Þjónusta Símans á Höfn

Eftir gott samstarf hættir Rafhorn sem endursöluaðili Símans á Höfn. Breytingin mun eiga sér stað 1. desember nk.

Viðskiptavinir Símans munu framvegis geta nálgast og skipt út netbeinum, simkortum og myndlyklum hjá Póstinum, að Hafnarbraut 11.

Síminn vill þakka Rafhorni fyrir samstarfið á undanförunum árum og óskar íbúum Hafnar í Hornafirði gleðilegra jóla.

JÓLA appsláttur

nettó

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
				1 50% Nóa konfekt	2 50% Jólablöndur frá Ólgerðinni	3 30% Allar bækur	4 40% Jólasníklingur
5 50% Morgunkorn	6 50% Vörur frá Coop	7 50% Leikföng	8 50% Viking Léttöl	9 40% Snyrtivöru gjafavara	10 50% Jólaskraut	11 50% Klemmentínur	
12 40% Jólakaffi	13 50% Okkar laufabrauð	14 40% Kerti	15 50% Þjómásúkkuaði plötur 150 g, allar tegundir	16 40% Hamborgarhrygg	17 40% Kalkúnn	18 50% Rauð epli	
19 40% Humar	20 40% Hangikjöt	21 40% Ís og íssósar	22 50% Pepsi og Appelsín	23 50% Lays snakk	24 50% Jóla-sælgæti		

Frábær tilboð
á hverjum degi
til jóla

Afsláttur í formi
inneignar í appinu

**SÆKTU
APPIÐ**
og byrjaðu
að spara

nettó

